

# Bókasafn Mosfellsbæjar

## Ársskýrsla 2009

**Bókasafn Mosfellsbæjar**  
**Kjarna, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær**  
**S: 566-6822 og 566-6860**  
**Netfang: [bokasafn@mos.is](mailto:bokasafn@mos.is)**  
**Veffang: [www.mos.is/bokasafn](http://www.mos.is/bokasafn)**

**Marta Hildur Richter forstöðumaður**  
**Bókasafns Mosfellsbæjar**

**Bókasafn Mosfellsbæjar** er almenningsbókasafn sem þjónar einstaklingum og stofnunum í Mosfellsbæ. Safnið er rekið af Mosfellsbæ samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Listasalur Mosfellsbæjar er hluti af Bókasafninu.

Markmið og hlutverk almenningsbókasafna byggjast á 1. grein laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1999:

*“Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálstan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.”*

## Ársskýrsla 2009

Árið 2009 var erfitt ár fyrir Íslendinga almennt vegna hruns fjármálakerfisins. Það var annasamt og gott ár fyrir almenningabókasöfn landsins með tilliti til aðsóknar og útlána. Aðsókn í Bókasafnið og Listasalinn Mosfellsbæjar jókst um 20% frá árinu áður og útlán um 10%. Samstarf við stjórnendur bæjarins var gott og styðjandi að vanda, þrátt fyrir niðurskurð fjárveitinga.

### Afgreiðslutími

Afgreiðslutími bókasafnsins er frá 12-19 mánudaga og þriðjudaga, 10-19 miðvikudaga, 12-19 fimmtudaga og föstudaga og 12-15 á laugardögum allt árið.

Aðgengi er að lesaðstöðu, dagblöðum og almenningstölvum með Internetaðgangi frá liðlega 08 virka daga.

Upplýsingar eru gefnar í síma frá kl. 08 virka daga. Tekið er á móti grunnskólanemum og leikskólabörnum samkvæmt fyrirfram bókuðum tímum fyrir hádegi virka daga.

Listasalurinn er opinn á afgreiðslutíma safnsins, en opnanir myndlistarsýninga og viðburðir og fundir alls konar ná yfirleitt fram yfir þann tíma.

### Landskerfi bókasafna – Gegnir

Gegnir - Landskerfi bókasafna býður upp á mikla möguleika. Hægt er að skoða gagnagrunn safnsins úr hvaða internettengdri tölvu sem er og skoða eigin útlánastöðu, endurnýjað útlán og pantað gögn.

### Aðsókn og útlán

Starfsemin hefur blómstrað og aðsókn aukist um 20% frá 2008. Útlán jukust um 10% frá sem er með mestu aukningu milli ára frá 1996, en síðan þá hafa útlán aukist ár frá ári.

### Heimsóknir

Heimsóknir eru skráðar daglega samkvæmt rafrænni talningu. Gestum hefur fjölgað ár frá ári. Ekki er talið það rennsli sem kemur gegnum Þjónustuver og um séringgang í Listasal.

Mán.	Heimsóknir á mánuði		
	2008	2007	2009
janúar	5.496	5.120	5.902
febrúar	5.451	5.118	5.807
mars	4.780	6.452	6.428
apríl	5.906	5.779	8.836
maí	5.622	5.846	6.871
júní	5.158	4.219	6.410
júlí	5.430	4.895	6.447
ágúst	5.765	5.846	4.843
september	5.230	4.620	5.256
október	5.949	5.431	6.301
nóvember	6.480	6.780	7.631
desember	6.418	7.006	6.814
Alls	67.685	67.112	77.146

**Heimsóknir árið 2008: 67.685**

## Útlán

Safngögn eru í margbreytilegu formi. Bækur, hljóðbækur, tímarit, dagblöð, tónlistardiskar, margmiðlunardiskar, tölvuleikir fyrir börn, DVD og myndbönd.

### Heildarútlán á mánuði:

	2009	2008	2007	2006
janúar	7.038	6.682	6.957	6.487
febrúar	6.445	6.338	6.335	5.872
mars	5.546	6.052	6.679	6.672
apríl	5.962	5.751	5.616	5.861
maí	6.024	5.452	5.406	5.707
júní	7.151	5.935	5.774	6.633
júlí	9.051	7.198	6.425	6.767
ágúst	7.076	6.050	6.511	6.558
september	7.759	6.842	6.075	6.333
október	7.459	7.669	7.104	6.958
nóvember	7.200	6.513	6.546	6.411
desember	6.360	6.261	5.245	5.474
	<b>84.071</b>	<b>76.743</b>	74.640	75.527

### Heildarútlán árið 2009: 84.071 .

Útlán jukust um 2.103 milli ára og var meðaltal útlána 300 safngögn þá virku daga sem opið var.

Meðaltal útlána á laugardögum voru liðlega 100 safngögn

Þar sem gögnum er skilað í samsvarandi magni má segja að um 600 safngögn séu á ferðinni daglega inn og út úr safninu.

Bókasafn Mosfellsbæjar tekur þátt í að greiða fyrir aðgang landsmanna að stafrænum gagna- og greinasöfnum um vefinn á [hvar.is](http://hvar.is) og [Vefbókasafn.is](http://Vefbókasafn.is).

Á árinu 2009 sóttu landsmenn, þar með taldir Mosfellingar, alls 81.513.448 greinar eða gagnasöfn á hvar.is í fullri lengd.

Á árinu 2009 heimsóttu 178.938 landsmenn Vefbókasafnið, þar með taldir Mosfellingar.

### **Viðskiptavinir sjálfbjarga**

Viðskiptavinir safnsins fá sérstakt aðgangsnúmer að kerfinu og geta fylgst með viðskiptum sínum við safnið í útlánakerfi bókasafnsins í gegnum tölvu heima hjá sér, eða annars staðar. Þannig geta þeir í flestum tilvikum endurnýjað lán tvisvar á netinu ef gagnið er ekki pantað, eða í gegnum síma.

Almenningur er duglegur að nýta þessa tækni og bjarga sér innan safnsins.

Sveitarfélagið verður fjölmennara með hverju árinu. Aðsókn í bókasafnið eykst jafnt og þétt og útlánum fjölga milli ára. Breiðari og fjölmennari hópur sótti safnið 2009 en áður. Umsvif Listasalar hefur aukist og eftirspurn er umtalsverð og vaxandi. Álag á starfsmenn eykst í takt við erilinn en safnið er mannað hæfu og vel menntuðu starfsfólki og því hefur starfsemin gengið vel.

### **Práðlaust net. Heitur reitur – Hot spot**

Í bókasafninu er þráðlaust Internet. Inn á það tengjast tvær leitartölvur fyrir Gegni, þrjár almenningstölvur safnsins og Skólavefstölva.

Safngestir geta einnig komið með sínar eigin tölvur og tengst Netinu endurgjaldslaust. Þetta hefur mælst vel fyrir, sérstaklega hjá námsmönnum. Einnig er hægt að fá aðgang að Netinu í almenningstölvum safnsins og er aðgangur ókeypis fyrsta klukkutímann.

Tæplega 500 manns nýttu sér það á árinu, um helmingurinn erlendir ríkisborgarar.

Fjarnámsnemar á háskólastigi hafa fengið að taka próf í safninu undir eftirliti starfsmanna þegar próftími hefur ekki stangast á við starfsemi Bókasafnsins.

### **Kaffi í tímaritahorni**

Safnið hefur boðið safngestum upp á kaffisopa. Hefur það verið vel þegið. Vélin er staðsett við tímaritahillurnar og safngestir fá sér gjarnan kaffisopa meðan þeir kíkja í blöð og bækur. Mikið hefur verið spurt um almennilegt "Bókakaffi" í líkingu við Súfistann og finnst bæjarbúum að slíkan stað vanti sárlega í bæinn. Með samþykki bæjarstjóra lét forstöðumaður teikna á árinu 2007 drög að "kaffihúsi" á Torginu tengt bókasafninu. Málið virðist í biðstöðu.

### **Skólavefurinn og uppgröftur að Hrísbú**

Sérstök tölva er opin inn á Skólavefinn, sem er fyrst og fremst ætlaður til kynningar fyrir grunnskólanemendur og foreldra þeirra. Börn nýta sér gjarnan þessa tölvu tvö eða fleiri í einu, helst til leikja.

Í safninu er einnig tölva með frásögn af fornleifauppgreftrinum að Hrísbú í myndum og talmáli ásamt sögu staðarins og sögunni af silfri Egils.

### **Barna- og unglíngastarf:**

Helga Stefánsdóttir er umsjónarmaður barna- og unglíngastarfs bókasafnsins. Barna- og unglíngastarfið fór fram með hefðbundnum hætti, en alltaf kemur eitthvað nýtt til. Í heild

**Ársskýrsla 2009**  
**Barna- og unglíngastarf**

Barna- og unglíngastarfið fór fram með hefðbundnum hætti. Í heild var þetta líflegt ár.

Enn er í gangi verkefnið sem við vinnum í samstarfi við Heilsugæsluna, þ.e. að gefa öllum börnum sem koma í fjögurra ára skoðun bókina “Stafakver” eftir Þórarinn og Sigrúnu Eldjárn.

### **Leikskólar:**

Sögustundir fyrir leikskólabörn voru 39 talsins, sem er talsvert mikil aukning miðað við að sögustundirnar voru 22 sl. ár. Þar af komu 6 hópar 3-6 ára barna sem unnu að þemaverkefni um Halldór Laxness.

Í desember komu öll fimm ára börn bæjarins og sáu leikritið “Jólaleikur” brúðuleikhús sem Helga Arnalds stýrði með glæsibrag. Þar sem árgangurinn er alltaf að stækka dugði Listasalurinn ekki til og var leikritið flutt inni á safninu enda 145 börn + leikskólakennarar.

Þar að auki komu leiksskóladeildir í heimsókn til að fá bækur að láni.

### **Grunnskólar:**

Um haustið voru 6 ára bekkirnir heimsóttir í skólann sinn. Börnin fengu smá kynningu á safninu og boðsbréf, þar sem þeim var boðið að koma í safnið og eignast þar sitt eigið lánþegaskírteini. En slík skírteini eru börnum og unglíngum að kostnaðarlausu til 18 ára aldurs.

Allir 3. bekkingar bæjarins, alls 7 bekkir, komu í safnkynningu og verkefnavinnu. 3. bekkingar vinna með skáldritin og læra uppröðun. Hver bekkur dvelur hér í 2 kennslustundir.

Allir 4. bekkingar, einnig 7 bekkir, komu í samsvarandi heimsóknir. Þeir vinna með fræðirit og læra að leita í tölvunni að safngögnum.

Allir 5. bekkingar komu í rithöfundakynningu 14. maí. Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur, las úr verkum sínum og spjallaði við nemendur um hvernig hún vinnur bækur sínar. Afar áhugaverð og lífleg heimsókn.

7. bekkir Varmárskóla, alls 4 bekkir, komu og kynntu sér léttlestrarbækur og teiknimyndasögur á ensku. Hver bekkur dvaldi eina kennslustund á safninu.

Allir 10. bekkingar skólanna komu í safnið og hlustuðu á erindi Úlfhildar Dagsdóttur um myndasögur. Þar rakti hún sögu myndasögunnar frá upphafi fram á okkar daga. Nemendur fylgdust með af áhuga.

Um vorið var farið með kynningu um sumarlesturinn í alla 2.,3. og 4. bekki. Sú kynning skilaði góðum árangri, þar sem 87 börn tóku þátt í þessum sumarlestri Bókasafns Mosfellsbæjar. Öll börnin sem tóku þátt fengu verðlaun og viðurkenningarskjal. Þrjár sérlega heppnir lesendur, tvær stúlkur og 1 drengur, fengu þar að auki nýja bók að gjöf frá safninu.

Mikil þátttaka var í vali á bestu barnabókinni. Þrjár stúlkur hlutu bók að gjöf frá safninu í þakklætisskyni við athöfn þann 28. apríl þar sem nöfn 10 bestu eða vinsælustu barnabókanna voru afhjúpuð.

Yngri lánþegar gátu tekið þátt í 6 bókmenntagetraunum. Þær eru alltaf jafn vinsælar og ný bók eða bækur í verðlaun í hvert skipti. Að venju komu eldri nemendur skólanna hingað í heimildaleit og ritgerðavinnu.

Nemendur í myndlist í Varmárskóla komu á myndlistarsýningu í Listasalnum og unnu að verkefni sem Ursula Junemann hafði útbúið og kom með ljósritað. Skemmtileg nýbreytni.

Í lok árs var útbúið notalegt horn á safninu þar sem efni sem höfðar til unglunga er staðsett. Það reyndist velheppnað frá fyrsta degi.

febr. 2010 Helga Stefánsdóttir

var þetta líflegt ár.

### **Leikskólar:**

Sögustundir fyrir leikskólabörn voru 22 talsins. Sú nýlunda var í starfinu fyrir leikskólana að sögubíllinn Æringi frá Borgarbókasafninu kom í fimm heimsóknir á leikskóla bæjarins. María Pálsdóttir var umsjónarmaður sögubílsins og umsjónarmaður barnastarfs bókasafnsins var henni til halds og trausts. Þær sögðu börnum sögur til skiptis og svo var sungið.

Í lok ágúst á hátíðinni “Í túninu heima” komu öll fjögurra ára börn bæjarins, eða um 130 börn, og sáu leikrit Herðísar Egilsdóttur “Sigga og skessan” í flutningi Stoppleikhópsins. Í desember komu öll fimm ára börn bæjarins og sáu leikritið “Hvar er Stekkjarstaur” í flutningi Möguleikhússins. Listasalurinn hefur gerbreytt framkvæmd svona uppákoma og hafa leikendur haft á orði að aðstaðan í salnum sé til fyrirmyndar.

Þar að auki komu leikskóladeildir í heimsókn til að fá bækur að láni.

Ákveðið var að fara í samstarf með Borgarbókasafni og Mjólkursamsölunni og gefa öllum 3-4 ára börnum bókina “Stafakver” eftir Þórarin og Sigrúnu Eldjárn.

Hjúkrunarfræðingar Heilsugæslunnar afhenda börnunum gjafabréfið frá bókasafninu þegar þau koma þangað í reglubundna “fjögurraára” skoðun. Þetta hefur verið rós í hnappgat bókasafnsins.

### **Grunnskólar:**

6 ára börn (3 bekkir) Varmárskóla komu í heimsókn, lesin var saga og safnið kynnt.

Allir þriðju bekkingar bæjarins, alls 7 bekkir, komu í safnkynningu og verkefnavinnu.

Þriðju bekkingar vinna með skáldritin og læra uppröðun. Hver bekkur dvelur í bókasafninu í 2 kennslustundir.

Allir fjórðu bekkingar, einnig 7 bekkir, komu í samsvarandi heimsóknir. Þeir vinna með fræðirit og læra að leita í tölvunni að safngögnum.

Allir fimmtu bekkingar komu í rithöfundakynningu 17. apríl. Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur, las úr verkum sínum og spjallaði við nemendur um hvernig hún vinnur bækur sínar. Afar áhugaverð og lífleg heimsókn.

Um haustið voru 6 ára bekkirnir heimsóttir í skólann. Börnin fengu smá kynningu á safninu og boðsbréf, þar sem þeim var boðið að koma í safnið og eignast þar sitt eigið lánþegaskírteini.

Um vorið var sumarlesturinn kynntur í öllum 2.,3. og 4. bekkjum í báðum skólum. Sú kynning skilaði góðum árangri, þar sem 87 börn tóku þátt í sumarlestri Bókasafns Mosfellsbæjar að þessu sinni. Öll börn sem tóku þátt fengu verðlaun og viðurkenningarskjal. Þrír sérlega heppnir lesendur fengu þar að auki nýja bók að gjöf frá safninu.

Þetta ár fór fram ljóðasamkeppnin “Ljóð unga fólksins”. Í heildina bárust okkur 75 ljóð og komust 9 ljóð í bókina með úrvalsljóðunum. Hildur Kristín Hallgrímsdóttir varð í öðru sæti í eldri flokknum.

Mikil þátttaka var í vali á bestu barnabókinni. Þrjú nöfn voru dregin út úr bunkanum og hlutu 3 stúlkur bók að gjöf frá safninu í þakklætisskyni. Boðið var til athafnar þann 29. apríl þar sem viðurkenningar voru afhentar og nöfn bestu eða vinsælustu barnabókanna voru afhjúpuð.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í léttlestrarbókum og teiknimyndasögum á ensku. Til að kynna þessa viðbót komu 6. bekkingar og dvöldu eina kennslustund á safninu hver bekkur.

Úlfhildur Dagsdóttir kom í febrúar og hélt tvö erindi fyrir tíundu bekkinga um teiknimyndasögur. Þar var saga teiknimyndanna rakin frá upphafi til dagsins í dag. Mjög áhugavert erindi.

Að venju komu eldri nemendur skólanna hingað í heimildaleit og ritgerðavinnu.

### **Þjónusta við eldri borgara**

Allir 67 ára og eldri fá skírteini endurgjaldslaust.

Farið var með bækur og tímarit einu sinni í viku á Opið hús á Hlaðhömrum. Starfsmaður safnsins er þar í eina og hálf klukkustund, lánar út og tekur á móti safngögnum.

Bókasafnið hélt áfram að bjóða eldri borgurum upp á sérstakar bókakynningar og bókasþjall fram á vorið á Opnu húsi á þriðjudögum. Áfram stýrði Sigurður G. Tómasson umræðunum við mikinn fögnuð þátttakenda.

Eldri borgarar héldu hinn árlega jólabasar sinn annað árið í röð í húsakynnum Listasalar og Bókasafns laugardaginn 15. nóvember. Var basarinn gríðarlega vel sóttur og er kominn til að vera í safninu. Eldri borgarar og varningur þeirra, tónlistarmenn og viðskiptavinir safnsins og basarsins troðfylltu bóksafnið. Var mikið fjör og góð sala.

### **Bókmenntakvöld**

Bókmenntakvöld var haldið 19. nóvember. Borðum og stólum var raðað upp í safninu sjálfu með kertaljósom í kaffihúsastíl. Gestum var boðið upp á kaffi, rauðvín, vatn, gos og piparkökur. Kristján Sturla Bjarnason píanóleikari tók á móti gestum með ljúfum tónum. Stemningin var frábær og mættu um 130 bæjarbúar að hlusta á skáldin lesa og tjá sig um menn og málefni. Aðsóknarmet var slegið og þótti einstaklega vel til takast. Katrín Jakobsdóttir bókmenntafræðingur og alþingiskona stýrði umræðum eins og henni er einni lagið og beindi spurningum til rithöfundanna. Rithöfundarnir sem mættu að þessu sinni voru:

Auður Jónsdóttir með skáldsögu sína Vetrarsól,

Ármann Jakobsson með Vonarstræti, sögulega skáldsögu,

Erla Bolladóttir með ævisögu sína Erla, góða Erla,



Hallgrímur Helgason með skáldsögu sína 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp og  
Ævar Örn Jósepsson með Land tækifæranna.

### **Þjónustan almennt**

Þjónusta safnsins samræmist lögum um almenningsbókasöfn og markmiðum safnsins. Mosfellingar og aðrir eiga jafnan og greiðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti í aðgengilegu húsnæði.

Hægt er að komast á Internetið úr tölvum safnsins eða með því að tengja eigin tölvu gjaldfrítt þráðlausu neti safnsins.

Gegn framvísun eigin skírteinis er hægt að fá safngögn að láni: Bækur, tímarit og tónlist ásamt fræðslumyndum á DVD/myndböndum og kvikmyndum á myndböndum.

Gegn vægu gjaldi fást leigðar valdar kvikmyndir og barnaefni á DVD.

Samningar veita Mosfellingum aðgang að safnkosti Borgarbókasafns og Bókasafns Seltjarnarness og er hægt að panta safngögn þaðan. Skírteini keypt í Bókasafni Mosfellsbæjar gildir einnig í Borgarbókasafni og Bókasafni Seltjarnarness – og öfugt. Með nýja kerfinu, Gegni, opnaðist leið fyrir lánþega að hafa yfirsýn yfir útlánastöðu sína, panta gögn og framlengja útlán gegnum netið.

Safngestir geta sest niður víða í safninu, unnið verkefni eða kíkt í bækur, tímarit og dagblöð, skoðað sýningar og spjallað yfir kaffibolla.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við börn og unglina í samvinnu við grunn- og leikskóla bæjarins. Einnig er komið til móts við eldri borgara með útlánunum á Opnu húsi að Hlaðhömrum, bókaspjalli o.fl.

Bókasafnið stóð fyrir bókmenntakynningum o.fl. uppákomum fyrir börn og fullorðna. Listasalurinn hefur einnig verið lánaður undir ýmsa menningarviðburði.

Í Listasal Mosfellsbæjar var boðið upp á margar myndlistarsýningar gjaldfrjálst. Einnig var boðið upp á tónleika á vegum bæjarins eða einstaklinga.

### **Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn**

Fræðslu- og menningarmálasviði hefur verið skipt upp í tvö svið. Enn er þó einn og sami sviðsstjóri yfir báðum sviðunum og breytingar lítt áþreifanlegar á árinu 2008.

Þessi málaflokkur, atvinna- og ferðamál, var færður yfir á menningarmálasvið. Ekkert heyrðist frá nýrri ferðamálanefnd á árinu.

Í bókasafninu er vísir að upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn yfir sumartímann.

Pantaðir voru ýmsir bæklingar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Bæklingarnir eru bæði á landsvísu og svo einnig um ýmsa aðstöðu og þjónustu við ferðamenn sem í boði er í bæjarfélaginu. Auk þess fá ferðamenn aðgang að Internetinu í safninu og upplýsingar um gagnlegar vefslóðir, t.d. með upplýsingum um veður og færð.

Samvinna var á síðasta ári við Þjónustuver Mosfellsbæjar við endurskoðun og útgáfu upplýsingakorts um Mosfellsbæ á íslensku og ensku fyrir ferðamenn.

Kortið komst í gagnið á árinu 2007 eftir erfiða fæðingu úr prentsmiðju í andarslitrum.

“A part of the Journey” bæklingurinn var einnig löngu orðinn úreltur. Fannst starfsmönnum Bókasafnsins loks nóg komið og uppfærðu og endurhönnuðu bæklinginn upp á eigin spýtur. Kom hann út fyrir sumarið 2008 með nýju nafni “By the way”.

Á árinu 2008 var málaflókkurinn í lausu lofti og greinilegt að ferðamálanefnd þarf að marka einhverja stefnu í þessum málum og deila niður verkefnum og ábyrgð.

### **Starfsmenn**

Starfsmenn voru tíu í 5.85% stöðugildum auk ræstitækis í 50% starfi. Þeir voru: Gunnar Helgi Guðjónsson, Helga Jónsdóttir, Helga Elísabet Jónsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Kristín Rós Hákonardóttir, Jóna Margrét Guðmundsdóttir, Marta Hildur Richter og Sigurbjörg Pálsdóttir. Sumarafleysingar og tímavinna: Hildur Jörundsdóttir og Sólrún Una Þorláksdóttir. Ræstitæknir var Þórarinn Jónsson Forstöðumaður var í fullu starfi. Tveir bókasafnsfræðingar, annar í fullu starfi og hinn í hálfu starfi, sinntu tengingu og skráningu í Gegni og upplýsingaþjónustu. Kennaramenntaður umsjónarmaður barna- og unglingastarfs var í hálfu starfi og fjórir þjónustufulltrúar á bókasafni í hlutastörfum, þar af tveir námsmenn í 20% starfi hvor. Þá skiptu tveir listmenntaðir starfsmenn með sér einni stöðu vegna aukinna umsvifa Listasalarins. Gafst það mjög vel, en er nokkuð á kostnað almennrar starfsemi bókasafnsins. Þess skal getið að allir starfsmenn sinna afgreiðslu ásamt sérverkefnum sínum, þar með taldir þeir sem sinna listasalum.

### **Fundir og námskeið**

Starfsmannafundir voru mánaðarlega á árinu og telja starfsmenn þá ómissandi þátt til upplýsingar, fræðslu og tjáskipta.

Í byrjun september héldu starfsmenn bókasafnsins góðan vinnufund í Glym í Hvalfirði. Þessir vinnufundir að hausti eru afar gagnlegir í undirbúningi fyrir vetrarstarfið.

Fundurinn stóð frá kl. 09-18. Að honum loknum snæddu starfsmenn saman og slógu á léttu strengi áður en haldið var heim.

Starfsmenn Bókasafnsins fóru á tveggja daga Landsfund Upplýsingar í Hafnarfirði í október sem var bæði gagnlegur og skemmtilegur. Einnig voru sótt ýmis námskeið á árinu svo sem námskeið í notkun Gegnis hjá Landskerfi bókasafna og fræðslufundir Upplýsingar. Forstöðumaður safnsins sótti á tveggja daga fund Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna í Reykjavík í maí og dagsfund samtakanna í tengslum við Landsfundinn í Hafnarfirði.

### **Starfsmannaviðtöl**

Forstöðumaður tók starfsmenn í starfsmannaviðtöl númer fjögur á jafn mörgum árum.

Rædd voru ýmis mál og starfsmenn virtust sáttir við starfið, aðstöðuna, aðra starfsmenn safnsins og sig sjálfa. Forstöðumaður var mjög ánægður með starfsmenn safnsins.

### **Listasalur Mosfellsbæjar**

Enn aukast umsvif Listasalar Mosfellsbæjar sem var að stærstum hluta í umsjón Gunnars Helga Guðjónssonar í samvinnu við aðra starfsmenn safnsins.

**Nemendatónleikar** Listaskóla Mosfellsbæjar eru fastir liðir í starfsemi Listasalarins og hélt Listaskólinn fjölda nemendatónleika í salnum bæði vor og haust.

Á vegum bæjarins voru haldnir alls kyns **fundir og námskeið** í Listasal. Öll svið bæjarins héldu kynningar- og fræðslufundi eða námskeið fyrir bæjarstarfsmenn og aðra, m.a. foreldra. **Móttökur** voru af ýmsu tagi. **Jólabasar** eldri borgara, **leiksýningar**, **rithöfundakynningar og aðrar uppákomur fyrir börn og unglinga** voru í Listasalum, sjá barna- og unglingastarf.

Ýmis félög héldu fundi og fræðsluerindi í Listasal og Íþrótt- og tómstundaráð veitti þar viðurkenningar til íþróttamanna svo eitthvað sé nefnt.

### **Sýningar 2008:**

19. janúar – 16. febrúar. **Júlía Embla Katrínardóttir og Þórunn Björnsdóttir:**

Samsýning. Innsetning, skúlptúr, teikningar, ljósmyndir, video o.fl.

23. febrúar – 19. mars. **Jesús Manuel Loyaza D'arrigo:** Trúarbrögð: Bregðum á leik.

Blekteikningar

29. mars – 26. apríl. **Bryndís Brynjarsdóttir:** Birtingarmynd hins óendanlega, málverk o.fl.

3. maí – 5. júlí. **Ólöf Oddgeirsdóttir** bæjarlistamaður ársins: Vefir. Málverk

12. júlí – 2. ágúst. **Guðmunda Jónsdóttir:** Augnakonfekt. Ljósmyndir

9. ágúst – 6. september. **Jóna Hlíf Halldórsdóttir:** HOLE UP. Innsetning

20. september – 18. október. **Steinunn Marteinsdóttir:** Þar spretta laukar, þar gala gaukar. Olíumálverk.

25. október – 22. nóvember. **Ragnar Lár:** Brot af verkum Ragnars. Málverk og teikningar.

29. nóvember - 3. janúar 2009. **Harpa Dögg Kjartansdóttir:** Innvols. Fíngerðar og frásagnakenndar klippimyndir unnar á notaðar, útflattar málningardósir.

### **Aðrir viðburðir í Bókasafninu**

Ýmsir viðburðir voru í bókasafninu á árinu. Nefnt hefur verið hið vel heppnaða bókmenntakvöld og viðburðir fyrir börn. Einnig má geta kórtónleika og annarra tónleika, sýninga á munum í eigu almennings, vikulegs þrjónakvölds o.fl.

### **Vinabæjamál**

Um árábil hefur umsjón með vinabæjasamstarfi bæjarins verið á herðum bókasafnsins. Helga Jónsdóttir hefur verið verkefnisstjóri þessa málaflokks og unnið með Félagsmiðstöð og Norræna félaginu að framkvæmdum með fulltingi Björns Þráins Þórðarsonar sviðsstjóra.

### **Vinabæjamót í Mosfellsbæ 2008**

Vinabæjamót eru haldin annað hvert ár til skiptis í vinabæjunum. Að þessu sinni var mótið haldið hér í Mosfellsbæ í júní og tókst með afbrigðum vel, enda mikil vinna lögð í undirbúning.

Voru allir sem að mótinu komu á einn eða annan hátt sammála um að það hefði verið bæði gagnlegt og skemmtilegt og að aldrei hefði vinabæjamót verið eins faglegt og nú.

Var almenn ánægja með skipulag, verkefnaval, skemmtanir og ferðir.

Unglingarnir hófu samskipti milli landa á Netinu löngu fyrir mótið og undirbjuggu ljósmyndaverkefnið “Bærinn minn” sem lauk hér heima og tókst einnig afbragðs vel.

### **Unglingaverkefni vinabæjanna**

Á árinu 2008 hófst starfið þannig, að í janúar voru að venju send bréf til allra nemenda í 8. bekkjum Varmárskóla og Lágafellsskóla og þeim og fjölskyldum þeirra boðið að taka

þátt í Unglingaverkefni vinabæjanna með því að hýsa einn ungling í vikutíma. Átta unglingar koma frá fjórum vinabæjum og jafnmarga gestgjafa vantar árlega. Átta gestgjöfum ársins 2007 var boðið að fara til hinna vinabæjanna sumarið 2008 til að taka þátt í verkefninu þar.

Verkefnið stóð yfir um mánaðamótin maí/júní og gekk að óskum.

### **Haustfundur í Uddevalla í Svíþjóð**

Árlegur vinnufundur var haldinn í Uddevalla í Svíþjóð dagana 30.-31. október 2008. Frá Mosfellsbæ fóru Hanna Bjartmars Arnardóttir bæjarstjórnarmaður og formaður Norræna félagsins í Mosfellsbæ og Helga Jónsdóttir verkefnisstjóri.

Á þessum fundi var mikið rætt um unglingsverkefnið. Skien vill breyta um áherslur í aldri, gistingu, tímasetningu og viðfangsefnum - sem sagt stofna nýtt verkefni. Þeir bjóða til sín haustið 2009. Mosfellsbær verður ekki með í því að sinni og ekki Thisted. Einnig var rætt vinabæjamót í Loimaa í Finnlandi árið 2010.

Mosfellsbær í maí 2009

Marta Hildur Richter forstöðumaður

Bókasafns Mosfellsbæjar